



Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 2 starfsárið 2014 – 2015

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þriðjudaginn 17. febrúar 2015, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar, Tjarnarbraut 39 e, Egilsstöðum.

Mættir: Anna Alexandersdóttir, Andrés Skúlason, Einar Már Sigurðarson (formaður), Eyjólfur Sigurðsson, Gunnlaugur Stefánsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jakob Sigurðsson og Margrét Guðjónsdóttir. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson stýrði fundi.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.
2. Staða og horfur á vegaframkvæmdum á starfssvæði SSA, skemmri og lengri tíma samgönguáætlun auk annarra brýnna málefna er snúa að þjónustu vegagerðarinnar almennt á svæðinu. Gestur fundarins var Sveinn Sveinsson, fulltrúi Vegagerðarinnar. Formaður greindi frá því að Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri Vegagerðarinnar myndi mæta á fund nefndarinnar eftir rúman mánuð. Sveinn flutti kynningu á stöðu mála fyrir Austursvæði út frá samgönguáætlun 2011-2022, annað tímabil þeirrar áætlunar er frá 2015-2018. Samgöngunefnd SSA leggur áherslu á að staðið verði við fyrri áætlanir um nýframkvæmdir í landshlutanum. Nefndin telur brýnt að kné verði látið fylgja kviði nú þegar unnið er að tillögum fyrir nýja samgönguáætlun og leggur til að formaður samgöngunefndar verði sendur til fundar við ráðherra vegamála, framkvæmdastjóra Vegagerðarinnar og samgönguráð hið allra fyrsta.
3. Almenningsamgöngur á Austurlandi. Framkvæmdaráð SSA, Sigrún Blöndal, Gauti Jóhannesson og Jón Björn Hákonarson, auk Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur og Hilmar Gunnlaugssonar sátu fyrir svörum um stöðu almenningsamgangaverkefnis. Hilmar Gunnlaugsson fór yfir Sternu-málið svokallaða og Ásta Kristín Sigurjónsdóttir rifjaði upp forsögu almenningsamgangaverkefnis. Nefndin skiptist á skoðunum við framkvæmdaráðið um framtíð verkefnisins. Samgöngunefnd lýsir áhyggjum sínum af því að leggurinn Breiðdalsvík-Djúpvogur og tenging Vopnafjarðar við þjóðveg 1 líði fyrir þá óvissu sem ríkir vegna Sternu-málsins og leggur áherslu á að nefndin verði upplýst um framgang málsins.
4. Farið yfir ályktanir aðalfundar SSA um samgöngumál. Frestað til næsta fundar.
5. Önnur mál. Næsti fundur var ákveðinn um mánaðamótin mars-apríl.

Fundi slitið kl. 17.30.

Björg Björnsdóttir
Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála